

FRÆKORNIÐ

FRÆDSLURIT SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS


KLIPPING TRJÁA

Klipping og snyrting trjáa er vandasöm iðja því auðvelt er að vinna meira ógagn en gagn með því að fara óvarlega með verkfærin. Sérstaklega er mikilvægt að gæta þess að klippa á réttum tíma. Í þessu Frækorni verður fjallað um klippingu á stærri trjám. Klipping á limgerðum verður tekin fyrir í öðru Frækorni.

HVENÆR KLIPPIR MAÐUR TRÉ

Sá tími sem mælt er með til klippinga er seinnihluti vetrar (desember-mars), þegar trén eru í vetrardvala, og hásumarið (miður júní-fyrrihluti ágúst) þegar trén eru í fullum vexti. Ef greinar eru klipptar af trjám yfir vaxtartímann, lokast sárin yfirleitt fljótt vegna safastreymis trésins.

Varast ber sérstaklega að klippa tré á haustin og fyrripart vetrar, en þá er hætt á að gró fúasveppa komist í vefi trésins gegnum sárið. Framboð sveppgróa í loftinu er þá í hámarki. Einnig þarf að fara gætilega í klippingu á trjám um þann tíma sem þau eru að lifna að vori. Sérstaklega á það við um íslenska birkið. Þá er hætt við að tré verði fyrir miklu vökvatapi sem getur í þurrum árum dregið úr vexti.




Aldrei má klippa tré á haustin, en þá er hætt við að fúasveppir komist í vefi trjáanna, sem geta valdið óbætunlegum skemmdum.

AÐ NEMA Á BROTT GREINAR

Hæglega má nema á brott greinar af trjám. Þannig er hægt að létta á trjánum, skapa jafnvægi og koma í veg fyrir að greinar sligist í snjó. Á mótum greinar og stofns eða greinar og hliðargreinar er oftast sýnilegur púði, stundum kallaður greinapúði. Best er að skera greinina af þar sem púðinn mætir greininni. Mikilvægt er að fara ekki svo nærri að börkur trjána skaðist, né að greinastubbur sé skilinn eftir.

Þegar greinar eru sagaðar af trjám þarf að gæta þess vel að börkurinn rifni ekki þegar þær falla niður. Mælt er með eftirfarandi aðferð:



1. Fyrst er sagað upp í greinina neðanfrá, 20-30 cm frá stofninum.

2. Síðan er greinin söguð af, utan við staðinn þar sem sagað var upp. Þá fellur hún af en langur stubbur situr eftir.

3. Stubburinn er sagaður af og þess gætt að særa ekki börkinn á stofninum, né skilja eftir stubb.

Ef greinin er söguð af yfir sumarið þarf ekki að bera neitt í sárið, því tréð lokar sárinu sjálft. Ef sárin eru mjög stór og eins ef klippingin verður að gerast að haustlagi er til bóta að bera á sárið. Til þess fást sérstök smyrsl og málningar (sýrulaus).



Sárið lokast fljótt og vel ef rétt er að verki staðið.



Ekki saga svo nærri að börkur trjána skemmist.




Gæta þarf varúðar við greinarklippingar. Of mikið er gert af því að klippa greinar neðan af trjám, sérstaklega barrtrjám. Slíka klippingu má ekki gera nema þar sem gott skjól er og brýna nauðsyn beri til að skapa rými með því að losna við greinarnar. Annars tapast skógarskjólið og vindur nær að blása undir trén.

KRÓNUKLIPPING

Öllu jafna þurfa heilbrigð og frítt standandi tré ekki á neinni klippingu að halda. Þegar tré eldast þarf stundum að grisja og snyrta krónur þeirra. Sjálfsagt er að fjarlægja allar dauðar og sjúkar greinar, svo og greinar sem nudda aðrar og valda sárum eða vaxa inn á við. Krónuklippingu er best að gera í áföngum eftir því sem tréð vex og eldist.

Með klippingu má einnig forma tré til á ýmsan hátt. Mismunandi er hversu auðvelt er að móta form trjáanna. Alaskaösp er til dæmis trjátegunn sem þolir afar vel klippingu og má hæglega klippa á margs konar hátt.



KÆRU LESENDUR MUNIÐ!

Frækornunum á að halda til haga.

Þannig verða þau ítarlegur banki gagnlegra upplýsinga.

Safnmöppu með öllum útkomnum Frækornum er

hægt að fá senda í pósti

fyrir kr. 950.- hjá Skógræktarfélagi Íslands, sími

561 8150, fax 562 7131

HELSTU VERKFÆRI

Mikilvægt er að nota góð verkfæri við greinaklippingar. Margar gerðir af klippum eru víða til sölu og sjálfsagt að líta í kringum sig við kaupin. Höfuðmáli skiptir að verkfærin séu vel brýnd. Greinaklippur eða bogasög eru algengustu verkfærin við klippingu trjáa.


Handklippur:

Notaðar til að klippa af smærri greinar og vankanta, svo og tvístofna.




Arnarklippur:

Þessar klippur eru notaðar til að fjarlægja sverari greinar.



Bogasög:

Notuð til að fjarlægja sverari greinar, svo og til að fella tré.



**HITAVEITA
REYKJAVÍKUR**